

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 240/2018**

2021/EES/62/19

frá 5. desember 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/895 frá 22. júní 2018 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknunir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0895:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/895 frá 22. júní 2018 (Stjttíð. ESB L 160, 25.6.2018, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/895, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 160, 25.6.2018, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.